


Hafnarfjarðarbær
Sigurður Haraldsson sviðsstjóri
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	17.10.2017
Málsnr:	1710582
Bréfál:	518



Reykjavík, 11. október 2017
Tilvísun: 2017090021
MVJ/
Tilv. ykkar:

Efni: Auglýsingaskilti með ljósdíóðum

Auglýsingaskilti með ljósdíóðum eru víða farin að sjást við umferðarmikla stofnvegi á höfuðborgarsvæðinu þar sem þeim er greinilega ætlað að ná athygli vegfarenda sem leið eiga um.

32. gr. vegalaga nr. 80/2007 (VI. Kafli. Skipulag og veghelgunarsvæði) hljóðar svo:

Fjarlægð mannvirkja frá vegi.

Byggingar, leiðslur, auglýsingaspjöld, skurði eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega nema leyfi veghaldara komi til.

Óheimilt er að reisa mannvirki nema með leyfi veghaldara við vegamót vega skv. 1. mgr. á svæði sem takmarkast af beinum línun milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti þeirra. Veghaldari getur ef sérstaklega stendur á fært út mörk þessi, allt að 150 m.

Veghaldari getur ákveðið að fjarlægð mannvirkja frá vegi skv. 1. mgr. skuli aukin. Enn fremur getur veghaldari leyft að fjarlægð verði minnkuð á tilteknum köflum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Staðsetning ljósdíóðuskiltanna er á flestum stöðum utan veghelgunarsvæðis stofnveganna, en þó gætu sum þeirra sem staðsett eru við gatnamót talist innan þess.

Sem kunnugt er fjalla bæði skipulags- og byggingarreglugerð, sem eru á verksviði sveitarfélaga, m.a. um auglýsingaskilti. Umrædd skilti eru af þeirri gerð að sækja þarf um byggingarleyfi fyrir uppsetningu þeirra. Með hliðsjón af framansögðu telur Vegagerðin eðlilegt að leitað sé umsagnar hennar áður en leyfi er veitt fyrir uppsetningu slíkra skilta.

Vegagerðin hefur áhyggjur af að þessi nýju skilti skerði mjög öryggi vegfarenda þar sem þau fanga athygli þeirra af meiri krafti en önnur auglýsingaskilti vegna sterkari birtu og mikils og hraðs breytileika. Skiltin eru mörg sett upp við vegi þar sem umferðarhraði er mikill og sum hver að auki við umferðarmikil vegamót.

Í nýlegri skýrslu „Visuel distraktion fra lysreklamer langs veje“ sem unnin var fyrir NMF (Nordiskt Möte för Förbättrad vägutrustning) í mars 2017 kemur fram að auglýsingar meðfram vegum, og sérlega þær sem eru meira krefjandi eins og ljósdíóðuskiltaauglýsingar, keppa um athygli bílstjóra og hafa það mikil áhrif að umferðaröryggi skerðist. Nálgast má skýrsluna á eftirfarandi slóð:
<http://www.trafitec.dk/sites/default/files/publications/Lysreklamer%20langs%20veje%20-%20NMF%20Rapport%20FINAL%2030.%20Marts%202017.pdf>

Dæmi um staði þar sem ljósdíóðuskilti hafa þegar verið sett upp:

- Í Reykjavík á húsgafli á Höfðabakka við Stórhöfða
- Í Hafnarfirði við Hafnarfjarðarveg/Flatahraun á Kaplakrika
- Við Hafnarfjarðarveg, Smárann í Kópavogi
- Við austanverða Reykjanesbraut norðan verslunarkjarnans í Lindum
- Við Reykjanesbraut uppi á húsbyggingum í Mjódd.

Vegagerðin leggst alfarið gegn uppsetningu ljósdíóðuskilta sem beint er að vegfarendum a.m.k. þar til settar hafa verið tæknilegar reglur um notkun þeirra.

Virðingarfyllst,



Magnús V. Jóhannsson
framkvæmdastjóri mannvirkjasviðs